



29. desember 2022

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins sækir hér með um 500.000 kr. styrk úr bæjarsjóði Kópavogs til starfsemi sinnar og þakkar um leið mikilvægan styrk sem félaginu var veittur, sbr. umsókn félagsins frá 29. desember 2021.

Félagssvæði Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins nær yfir Hafnarfjörð, Garðabæ, Kópavog, Reykjavík, Seltjarnarnes og Mosfellsbæ. Helstu viðfangsefni félagsins eru fræðsla um krabbamein og krabbameinsvarnir en félagið annast fræðslustarfsemi í umboði Krabbameinsfélags Íslands.

Sótt er um styrk til áframhaldandi fræðsluverkefna félagsins. Nokkur dæmi um þau eru nefnd hér að neðan:

1. Útgáfu- og fræðsluverkefni

Krabbameinsfélagið gefur út fræðslurit og heldur úti öflugri vefsíðu. Öllu almennu fræðsluefni félagsins er dreift ókeypis.

Norrænu krabbameinsfélögin eru með samstarfshóp í tóbaksvörnum og í samstarfi við Geislavarnir ríkisins, Embætti landlæknis og húðlækna er unnið að sólarvörnum (átaksverkefnið Hættan er ljós).

Félagið vinnur náið með stuðningshópum Krabbameinsfélagsins Íslands að fræðslu- og útgáfumálum hópanna og með Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins.

Áfengisneysla er nú flokkuð sem þekktur krabbameinsvaldur hjá Alþjóðakrabbameinsrannsóknarstofnuninni (IARC). Árveknisátak á vegum félagsins var á samfélagsmiðlum á árinu til að vekja athygli á þessari áhættu. Sjá meðf. sýnishorn.

Á árinu 2022 var undirbúið átak á samfélagsmiðlum til að minna á leiðir sem taldar eru getað dregið úr líkum á því að greinast með krabbamein (European Code Against Cancer). Haldið verður áfram með það átak á árinu 2023. Sjá meðf. sýnishorn af auglýsingum.

2. Tóbaksvarnafræðsla og námskeið í reykbíndindi

Það hefur verið forgangsverkefni Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins og forvera þess í meira en sextíu ár að fræða um skaðsemi reykinga og annarrar tóbaksneyslu. Því starfi mun félagið halda áfram af fullum krafti. Verulegur árangur á því sviði náðist með fræðslu til grunnskólanema en hún stóð hæst frá 1975 til 2004. Við ásamt fleirum höfum miklar áhyggjur af útbreiðslu, greiðu aðgengi og viðhorfi ungs fólks til reyklauss tóbaks (ekki síst nikótínþúða). Samstarfsaðilar stóðu að veglegu málþingi um nikótín og heilsu í haust. Málþingið var fyrir foreldra/uppalendur, starfsfólk skóla, frístundamiðstöðva, íþrótt-, ungmenna- og æskulýðsstarfs og aðra áhugasama. Ætlunin er að vinna námsefni fyrir skóla úr þeim upplýsingum og þeirri fræðslu sem kom fram á málþinginu. Sjá meðf. dagskrá þingsins.

Félagið hefur frá árinu 1985 staðið fyrir námskeiðum til að hjálpa fólki að hætta að reykja og nota tóbak. Unnið er að því að greina og afmarka sérstaklega hópa sem hafa lakari stöðu en aðrir hvað varðar tóbaksnotkun og ná til þeirra hópa sem hér um ræðir með sértækum hætti. Á þessu ári þjálfuðum við upp nokkra pólska leiðbeinendur sem aðstoða Pólverja sem reykja (nota tóbak) við að hætta þeirri notkun.

Að frátöldum styrkjum stendur félagið sjálft undir kostnaði við fræðslustarf, einkum með rekstri happdrættis Krabbameinsfélagsins. Kostnaður við stuðning við sjúklinga og fræðslu félagsins var rúmar 19 milljónir króna árið 2021. Mikilvægt er að félagið fái áframhaldandi fjárstuðning við fræðslustarfsemi sína.

Með bestu kveðjum og með von um góðar undirtektir,
f. h. Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins



Guðlaug B. Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri
gbg@krabb.is, s. 540 1900
Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík

Meðfylgjandi:

1. Ársreikningur 2021 og ársskýrsla félagsins.
2. Sýnishorn af auglýsingum á samfélagsmiðlum (árveknisátök) og dagskrá málþings um nikótín og heilsu.